

## 65. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 6. júní 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, Katrín Pálsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir og Linda S. Sigurðardóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Elín G. Pálsdóttir og Unnur Breiðfjörð, fulltrúar starfsfólks.

### 1. Skýrslur skólastjóra.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

1. Skólaárið 2004-2005.

a) Skólanámsskrá GSS.

b) Merki grunnskólans.

Efnt var til samkeppni sl. vetur meðal nemenda skólans um nýtt merki skólans. Merki skólans var kynnt sl. fimmtudag, höfundur þess er Gylfi Þ. Rögnvaldsson fyrrverandi nemandi við grunnskólann.

c) Skólamáltíðir. Góð viðbrögð hafa borist vegna skólamáltíða.

d) Námsmat nemenda / samræmd próf í 10. bekk.

Unnið er að lokafrágangi vegna námsmats nemenda. Niðurstöður samræmdra prófa eru tilbúnar og á leið til skólans, niðurstöður skólans hér verða ljósar á morgun.

Skólaslitum var frestað til 9. júní svo unnt væri að afhenda alla vitnisburði á þeim.

Gunnar dreifði yfirliti yfir starfsemina í skólanum þessa síðustu daga skólaársins, starfsemin hefur m.a. einkennst af útivist og frágangi.

Gunnar greindi einnig frá starfseminni á starfsdögum kennara 3.-9. júní. Greindi frá niðurstöðum heimanámskönnunar Hreins Þorkelssonar sem er í framhaldsnámi. Sagði einnig frá námskynningu Eyþórs Benediktssonar sem er í framhaldsnámi í upplýsinga- og tölvutækni. Sigurborg Sturludóttir sem einnig er í framhaldsnámi mun kynna skýrslu vegna samstarfs leik- og grunnskóla.

### 2. Undirbúningur næsta skólaárs.

a) Starfsmannasamtöl. Gunnar greindi frá starfsmannasamtölum og hvernig þau nýtast í skipulagningu og starfsemi skólans.

b) Ráðningarmál. Þeir kennarar sem láta af störfum í lok þessa skólaárs eru Pálmi F. Sigurgeirsson, Alda Baldursdóttir og Sigrún E. Svavarsdóttir. Skipulagsbreytingar gera það að verkum að ekki kemur til nýráðninga í þeirra stað.

c) Námsver. Gunnar greindi frá skipulagi fyrirhugaðs námsvers.

d) Skóladagatal næsta skólaárs er nánast tilbúið og verður það lagt fram á næsta fundi.

Fram kom ánægja með nýtt merki skólans.

Fyrirspurn kom fram um námsverið. Gunnar svaraði því til að námsverið sé skref í átt að einstaklingsmiðuðu námi. Hver nemandi á þá sína möppu og unnið verður með mismunandi þarfir. Sérkennslu- og stuðningstímar nýtast betur með tilkomu þessa vers.

b) Leikskóli.

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Einungis þrjú börn hættu 31. maí sl. sem gerir það að verkum að hægt er að taka inn færri börn en ella. Sjö börn hafa verið í aðlögun, en árgangurinn sem nú kemur inn er frekar stór.

Þrettán börn voru útskrifuð úr leikskólanum í lok maí og voru þau með sýningu fyrir foreldra og fjölskyldur og tókst það vel. Væntanlegum umsjónarkennara 1. bekkjar, Sigurborgu Sturludóttur var afhent vinnubókin þeirra Kátt er í kynjadal sem áfram verður unnið með í 1. bekk.

Ekki verða tekin inn fleiri börn fyrir sumarlokun sem verður 4. júlí til 5. ágúst. Leikskólinn opnar aftur eftir sumarleyfi 8. ágúst. Byrjað verður af fullum krafti eftir sumarleyfi.

Þriðji starfsdagur leikskólans var samþykktur í bæjarráði og verður starfsdagur 16. júní nk. þar sem aðallega verður unnið að skólanámskráargerð ásamt fleiri atriðum. Þriðji starfsdagur ársins verður svo í haust.

Haustundirbúningur er í fullum gangi. Enn hefur ekki tekist að manna ræstingarstöðuna við leikskólann en áfram verður reynt að manna þá stöðu.

Starfsemin er annars með hefðbundnu sniði.

Fram kom ánægja með þriðja starfsdag leikskólans. Einnig lýstu fundarmenn yfir ánægju sinni með skipulag útskriftar elstu nemenda sem nú hverfa til annarra starfa í grunnskólanum.

Umræður urðu um nýja leikskólann og umhverfi hans.

## 2. Önnur mál.

- a) Fyrirspurn kom fram um Davis lesblinduleiðréttingu, hvort þessi tækni sé á leiðinni inn í skólann á einhvern hátt. Gunnar greindi frá því að fjórir kennarar úr yngri deildum fari á námskeið núna í júní á Davis-námstækninámsskeið og að þessi tækni verði tekin upp í yngri deildum til að byrja með.
- b) Ábending barst um kennsluáætlun í heimilisfræði hvort ekki mætti endurskoða skipulagið þar.
- c) Skólaslit grunnskólans verða fimmtudaginn 9. júní nk. kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 18:00.